

Reglur um styrki vegna varmadælna í sveitarfélaginu Árborg

1. gr.

Tilgangur með fjárstyrk

Selfossveitur bs. veita styrki til fasteignaeigenda í Sveitarfélaginu Árborg í því skyni að setja upp varmadælur (e. Heat pump) sem draga úr notkun raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis með fasta búsetu (lögheimili) á þeim svæðum sem dreifikerfi hitaveitu Selfossveitna nær ekki til.

Styrkurinn er hugsaður til þess að styrkja eigendur og íbúa viðkomandi fasteigna til þess að setja upp varmadælu, þar sem svo háttar til, að ekki verður við komið að nýta hitaveitu Selfossveitna bs. tæknilega eða með hagkvæmum hætti fjárhagslega.

2. gr.

Fjárhagslegur grundvöllur

Fjárframlag til úthlutunar ár hvert er í samræmi við fjárhagsáætlun Selfossveitna og fjöldi styrkja verða að hámarki fimm.

3. gr.

Styrkur

Frá gildistöku þessara reglna nemur fjárhæð styrks allt að kr. 800.000 fyrir hvern umsækjanda, íbúðarhúsnæði, sem samþykkt er. Miðað er við að sá sæki um styrkinn sem skráður er þinglýstur eigandi íbúðarhúsnæðis sem nýtur niðurgreiðslu rafmagns til húshitunar og ætlar að ráðast í framkvæmdir vegna varmadælu til orkusparnaðar. Fyrst og fremst er miðað við varmadælur sem eru þekktur og viðurkenndur kostur til sparnaðar raforku til húshitunar.

Umsóknarfrestur er einu sinni á ári að öllu jöfnu til og með 1. okt. fyrir næstkomandi fjárhagsár.

Ef heildar fjárhæð umsókna reynist hærri en styrkur til úthlutunar skv. fjárhagsáætlun verður dregið á milli gildra umsókna.

Gert er ráð fyrir að samþykkt styrkfjárhæð komi til greiðslu á næstkomandi fjárhagsári eftir að hann hefur hlotið samþykki.

4. gr.

Samþykkt styrks og greiðsla

Miðað er við að umsækjandi skili inn til Selfossveitna undirritaðri umsókn um styrk og geri í umsókninni grein fyrir hvaða framkvæmd stefnt er að, áætluðum orkusparnaði, hvaða áhrif framkvæmdin hefur á umhverfið og áætlaðan kostnað.

Umsóknin verður yfirfarin af hálfu Selfossveitna bs. sem munu gera lauslega umsögn áður en umsóknin verður formlega afgreidd og kynnt umsækjenda.

Í svarbréfi verður gerð grein fyrir því hvaða skilyrði umsækjandi þarf að hafa uppfyllt til þess að styrkur verði greiddur út. Miðað er við að allar lögbundnar úttektir búnaðar hafi farið fram, ábyrgðaryfirlýsingar liggi fyrir og gerð sé grein fyrir rekstrarfyrirkomulagi. Sömuleiðis munu

Selfossveitur hlutast til um að úttekt hafi farið fram sem staðfesti eðlilega verkun og afköst búnaðar. Að öllu þessu loknu er styrkur greiddur inn á reikning sem umsækjandi hefur tilgreint sem innborgunarreikning styrks.

5. gr.

Aðrar ívilnanir eða styrkir

Athygli er vakin á því að Orkusjóður veitir styrki í formi áætlaðra niðurgreiðslna rafmagns til húshitunar, nú sem nemur átta ára notkun, til þeirra sem sækja um það til sjóðsins. Styrkur er greiddur þeim sem ráðast í framkvæmdir er spara orku tengda umhverfisvænni orkuöflun eða aðgerðum til bættrar orkunýtingar. Getur styrkurinn numið því að vera í réttu hlutfalli við áætlaðan orkusparnað sem af framkvæmdinni hlýst. Slíkur samhliða styrkur á ekki að koma í veg fyrir umræddan styrk frá Selfossveitum bs.

6. gr.

Upplýsingasöfnun

Selfossveitur bs. hyggst taka saman upplýsingar um gagnsemi framkvæmdarinnar og orkukostnað við húshitun með nýju fyrirkomulagi. Styrkþegi skuldbindur sig til að veita í þrjú ár upplýsingar um orkunotkun, orkunýtingu, orkukostnað og fjárhagslega afkomu framkvæmdarinnar í samvinnu við starfsmenn Selfossveitna, svo meta megi gagnsemi þessa framtaks.

7. gr.

Gildistími

Reglur þessar gilda til ársloka 2023.